

13. október 2009

Sáttargerð vegna brots á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Þann 10. júní 2009 gerðu Fjármálaeftirlitið og Tryggingamiðstöðin hf. með sér sátt vegna brots Tryggingamiðstöðvarinnar hf. á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.).

Með sáttinni gekkst Tryggingamiðstöðin hf., sem útgefandi skráðra skuldabréfa, við því að hafa brotið gegn 128. gr. vvl, með því að hafa skilað lista yfir fruminnherja tæpum 4 mánuðum of seint til Fjármálaeftirlitsins. Jafnframt að hafa skilað lista yfir aðila fjárhagslega tengda fruminnherjum rúmum 13 mánuðum of seint.

Í 128. gr. vvl. er kveðið á um skyldu útgefenda til að senda Fjármálaeftirlitinu, í því formi sem eftirlitið ákveður, upplýsingar um fruminnherja, tímabundna innherja og aðila fjárhagslega tengda innherjum. Endurskoðaðan lista yfir innherja skal senda Fjármálaeftirlitinu eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leyti, 142. gr. vvl. og reglna nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt, var það mat Fjármálaeftirlitsins að fjárhæð sáttarinnar væri hæfilega ákveðin kr. 600.000,-.